

[Uppskrift af bréfi Skúla Skúlasonar prófasts í Odda á Rangárvöllum]

Að gefnu tilefni leyfi jeg mjer hjermeð virðingarfylst að óska þess, að hinu háa stjórnarráði mætti þóknast að grenslast eptir því, hvort ráðlegt muni fyrir íslenska stúdenta frá háskólanum í Kaupmannahöfn, sem dvelja hjer á landi í sumarleyfinu, að hverfa þangað aptur að svo stöddu.

Svar uppá þessa fyrirspurn væri mjer kært að fá með pósti, sem fer úr Reykjavík 11. þ.m.

Odda, 5. ágúst 1914.

Skúli Skúlason.

Til  
stjórnarráðs Íslands.

[Uppskrift af svari stjórnarráðsins til Skúla Skúlasonar]

Hr. prófastur Skúli Skúlason

Odda.

10. ágúst 1914.

Fyrirspurn yðar, herra prófastur, í brjefi dags. 5. þ.m. er að svo stöddu ekki hægt að svara á annan hátt en þann, að eptir síðasta símskeyti frá skrifstofu stjrn. í Kaupmannahöfn virðist betra útlit en áður ~~nekk~~ fyrir því að Danmörk fái að halda hlutleysi sínu í ófriði þeim, er nú geysar í Evropu. Á hinn bóginn telur stjrn. víst, að háskólinn muni ekki taka hart á því, þó að eins og ástendur, þótt studentar, er hjer dvelji nú, fresti för sinni þangað fram eptir haustinu til að sjá hverju fram vindur.

F.h.r. [Fyrir hönd ráðherra]